DKM02040085/850

Samkomulag
um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og kirkjugarðaráð gera með sér eftirfarandi samkomulag um viðmiðanir fyrir árlegu framlagi ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða.

Með samkomulagi þessu eru tvö fylgiskjöl, nr. 1 og nr. 2. Í fylgiskjali nr. 1 eru skýringar við einstakar greinar samkomulagsins og í fylgiskjali nr. 2 er sett fram reiknilíkan sem lagt er til grundvallar við útreikning framlagsins.

2. gr.

Framlag ríkissjóðs til kirkjugarða er ætlað að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða, þ.m.t. rekstur, endurbætur og uppbyggingu kirkjugarða, tækjabúnað og húsakost þeirra. Óheimilt er að ráðstafa framlaginu til annarra verkefna.

Framlagið miðast við að aðrar tekjur kirkjugarða af lögbundnum verkefnum verði óbreyttar frá því sem nú er, að frátöldum verðlagshækkunum. Komi til aukin eða ný gjaldtaka af hálfu kirkjugarða fyrir þau verkefni sem samkomulagið tekur til, þá lækkar framlag ríkissjóðs í sama mæli.

3. gr.

Framlag til kirkjugarða skal reiknað í reiknilíkani samkvæmt fylgiskjali nr.1 miðað við forsendur í 4. gr. og 5. gr. Fjármálaráðuneytið uppfærir reiknilíkanið í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og kirkjugarðaráð við undirbúning frumvarps til fjárlaga ár hvert og leggur niðurstöðuna til grundvallar fjárveitingu til kirkjugarða í frumvarpinu.

Á þessum forsendum var gert ráð fyrir heildarframlagi til kirkjugarða 714,6 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005, og var sú fjárhæð samþykkt óbreytt í fjárlögunum.

Fjárhæðir í samkomulagi þessu eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

4. gr.

Við árlegan undirbúning fjárlaga fyrir komandi ár verður framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða byggt á eftirfarandi viðmiðunum:

a) Reikna skal 82.234 kr. fyrir hverja grafartöku og jarðsetningu á næstliðnu ári.

b) Reikna skal 52.260 kr. fyrir hverja líkbrennslu og grafartöku í duftgarði á næstliðnu ári.

c) Reikna skal 461 kr. fyrir hvern fermetra grafarsvæða í umhirðu næstliðið ár. Alls skal miðað við 1.242.657 fermetra árið 2003 vegna framlags í fjárlögum ársins 2005. Fjöldi fermetra skal aukinn árlega um 8,3 fyrir hverja jarðsetningu skv. lið a) og um 1,5 fyrir hverjar grafartöku í duftgarði skv. lið b).

Fjárhæðir í lið a), b) og c) taka breytingum í fjárlögum hvers árs samkvæmt verðlagsákvæði í 5. gr. og í samræmi við fjárveitingar sbr. 3. mgr. 3. gr.

5. gr.

Fjárhæðir í 4. gr. miðast við verðlag frumvarps til fjárlaga 2005 og skulu breytast árlega í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur sem lagðar eru til grundvallar fjárveitingu til kirkjugarða í fjárlögum hvers árs. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar á sama kostnaði hjá ríkisstofnunum. Framlag vegna launa skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa eins og tilgreint er í fylgiskjal nr. 2 og hins vegar af mati fjármálaráðuneytis á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa ríkisstarfsmanna hjá ríkisstofnunum. Fari fram endurmat á launa- eða verðlagsforsendum fjárveitinga til ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til kirkjugarða með sama hætti. Telji kirkjugarðaráð ástæðu til að breyta vægi starfshópa í launaforsendum samkvæmt fylgiskjal nr. 2 skulu lögð fram launagögn því til stuðnings áður en níu mánuðir eru til upphafs næsta fjárlagaárs.

6. gr.

Heildarframlagi úr ríkissjóði skv. 3. gr. úthlutar kirkjugarðaráð til einstakra kirkjugarða í samræmi við

eigið reiknilíkan sem samþykkt skal fyrir upphaf hvers fjárlagaárs ekki síðar en 1. desember árið áður. Skal þá gert ráð fyrir að af heildarframlaginu renni að lágmarki 8% en að hámarki 12% til Kirkjugarðasjóðs og úthlutað verði úr honum m.a. til að aðlaga eða jafna framlög, t.d. til minnstu kirkjugarðanna, miðað við niðurstöður reiknilíkansins. Ákvörðun kirkjugarðaráðs um fyrirhugaða úthlutun ásamt greinargerð um breytingar frá fyrra ári skal kynnt fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tveimur vikum áður.

Kirkjugarðaráð ákvarðar uppbyggingu og forsendur þessa reiknilíkans og ber fulla ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til einstakra garða og Kirkjugarðasjóðs innan þess ramma er lög setja.

7. gr.

Fyrir upphaf hvers fjárlagaárs skal kirkjugarðaráð senda Fjársýslu ríkisins yfirlit um framlag til hvers kirkjugarðs í landinu á árinu á grundvelli útreikninga skv. 6. gr. Fjársýsla ríkisins stendur skil á framlögunum til kirkjugarða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

8. gr.

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2005, enda hefur Alþingi samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sem lagt var fram á sl. haustþingi sem lög nr. 138, 20. desember 2004.

Samkomulagið gildir til ársloka 2009 og getur þá komið til endurskoðunar óski aðila þess ekki síðar en 6 mánuðum fyrir lok samkomulagsins en annars framlengist það til 5 ára í senn.

9. gr.

Í samræmi við ákvæði 3. og 20. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, skulu kirkjugarðar gera ársreikning innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og skila honum til Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun fer árlega með endurskoðun á fjárreiðum kirkjugarða og getur gert stjórnsýsluathugun á starfsemi þeirra, sbr. 6. og 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Reykjavík, 15. apríl 2005.

Formaður kirkjugarðaráðs	Dóms- og kirkjumálaráðherra	Fjármálaráðherra

Fskj. nr. 1.

Skýringar við einstakar greinar samkomulags um framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða

Um 1. gr.

Starfshópur með fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Kirkjugarðasambands Íslands hefur haft fjármögnun kirkjugarðanna til athugunar. Starfshópurinn varð sammála um að ýmsir annmarkar hafi verið á forsendum núverandi framlags. Helst var horft til þess að lögbundna framlagið byggir á forsendum sem ætla má að þróist á annan veg en raunverulegar rekstrarforsendur kirkjugarðanna. Er þá átt við það að fjárþörf garðanna ræðst aðallega af stærð þeirra og fjölda árlegra greftrana fremur en af því hversu margir einstaklingar 16 ára og eldri eru á lífi í landinu og hversu margir þeirra búa á viðkomandi svæði. Þar við bætist að að þarna mun skilja mikið á milli vegna lýðfræðilegrar þróunar á næstu áratugum þegar "öldrunar" þjóðarinnar fer að gæta í auknum mæli og jarðsetningum fjölgar væntanleg í sama hlutfalli.

Að vandlega athuguðu máli var ákveðið að leggja til að teknar verði upp breyttar viðmiðanir fyrir heildarframlagi ríkissjóðs og að framvegis verði byggt á frekar einföldu reiknilíkani og forsendum sem eru í betra samhengi við þá þætti sem ráða að líkindum mestu um þróunina í umfangi rekstursins og kostnaði við hann. Framlagið hækki síðan í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga á sama hátt og á við um flestan annan rekstur sem fjármagnaður er úr ríkissjóði.

Samkomulaginu er ætlað að vera traustur frambúðargrundvöllur fyrir árlegri rammafjárveitingu sem beinist að heildarstarfsemi kirkjugarða á landsvísu en ekki að einstökum atriðum í rekstraraðföngum þeirra eða að tilkostnaðinum hjá einstökum kirkjugörðum. Í samkomulaginu er að tillögu starfshópsins hins vegar einnig gert ráð fyrir því að kirkjugarðaráð fái aukið vægi við yfirstjórn málaflokksins. Ráðinu verði falið að ákvarða forsendur fyrir skiptingu heildarframlagsins til einstakra kirkjugarða, sem eru um 280 talsins, fremur en að sú skipting sé í rauninni bundin í lögum. Í því skyni hefur á vegum kirkjugarðaráðs verið útbúið annað reiknilíkan fyrir innbyrðis skiptingu framlagsins milli garðanna. Þar er byggt á mun fleiri og sértækari rekstrarforsendum svo og á tilteknum viðmiðunum um jöfnun á milli garðanna.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er tiltekið að framlagi ríkissjóðs sé ætlað að standa undir öllum útgjöldum við verkefni kirkjugarða sem ákvörðuð eru í lögum og að því verði ekki varið til annarra verkefna. Verði eigin tekjuöflum garðanna fyrir þessi verkefni aukin, þá er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði lækki jafn mikið. Í greininni er hins vegar gert ráð fyrir að kirkjugarðar geti veitt þjónustu sem fellur utan þeirra verkefna og tekið gjald fyrir það.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að í árlegu fjárlagafrumvarpi verði framlag til kirkjugarða byggt á forsendum og reiknireglum reiknilíkans sem fram kemur í fylgiskjali 1 og 2. Á grundvelli reiknilíkansins hefur fjárveitingin verið ákvörðuð sem 714,6 m.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005. Þar með hefur verið gengið út frá forsendum líkansins um breytingar á upphafsárinu, fjárlögum 2004. Einnig er gerður fyrirvari um að ekki er unnt að útiloka að þær aðstæður skapist í ríkisfjármálum að stjórnvöld telji óhjákvæmilegt að veita aðhald með framlögum til reksturs sem fjármagnaður er úr ríkissjóði, þ.m.t. framlög til sjálfseignarstofnana á borð við kirkjugarðana, eins og dæmi eru um að gert hafi

verið með lagasetningu á umliðnum árum.

Um 4. gr.

Fjárhæðir sem lagðar eru til grundvallar í reiknilíkani fyrir framlaginu voru ákvarðaðar með því að deila magntölum ársins 2002 í framlag fjárlaga ársins 2004. Fjárhæðirnar í greininni hafa verið uppfærðar til verðlags ársins 2005 miðað við forsendur frumvarps til fjárlaga. Fjárhæðirnar verða síðan verðlagsreiknaðar árlega sbr. 5. gr. og einnig kann að þurfa að aðlaga þær með tilliti til fjárveitinga frá Alþingi, sbr. 3. gr.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að fjárhæðir í 4. gr. taki árlegum breytingum í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga. Verðlagsreikningurinn í reiknilíkaninu byggir á eftirfarandi forsendum:

a) Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samkomulaginu skulu 40% teljast vera vegna launakostnaðar og 60% vegna annars kostnaðar.

b) Af þeim hluta sem telst vera vegna launakostnaðar skulu 15% fjárhæðinnar breytast í samræmi við mat fjármálaráðuneytis á kostnaðaráhrifum kjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana en 85% fjárhæðarinnar samkvæmt mati á kostnaðaráhrifum kjarasamnings Starfsgreinasambandsins.

Um 6. gr.

Á vegum kirkjugarðaráðs hefur verið unnið annað reiknilíkan sem ætlað er til að skipta heildarframlagi ríkissjóðs niður á kirkjugarða á grundvelli stærðar þeirra og umsvifa. Úthlutunin verður endurskoðuð árlega. Samkvæmt 40. gr. kirkjugarðslaga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 138/2004 fær kirkjugarðaráð einnig meira svigrúm til að úthluta framlögum úr kirkjugarðasjóði en áður, eða á bilinu 8-12% af heildarfjárveitingu ríkissjóðs í stað 8% áður. Gefur það kost á því að aðlaga og jafna úthlutanir reiknilíkansins og einnig að einstaka garðar fái aukaframlag úr kirkjugarðasjóði, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Forsendur þessa reiknilíkans um framlög til einstakra kirkjugarða eru á ábyrgð kirkjugarðaráðs.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að Fjársýsla ríkisins annist um að greiða einstökum kirkjugörðum framlag eins og til þessa. Þær greiðslur verða þá samkvæmt niðurstöðum reiknilíkans kirkjugarðaráðs.

Um 8. gr.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, var lagt fram á sl. haustþingi, og var síðan samþykkt sem lög nr. 138, 20. desember 2004. Í frumvarpinu voru lagðar til og síðan samþykktar þær breytingar á lögunum sem samkomulagið byggir á.

Um 9. gr.

Greinin er til áréttingar á nokkrum lagaákvæðum um ársreikninga og endurskoðun þeirra og þarfnast ekki frekari skýringa.

Fskj. nr. 2.

Útreikningur á framlagi til reksturs kirkjugarða

	2001	2002	2003	2004	2005
Nýjar reikniviðmiðanir framlags					
Reiknað flatarmál svæða í umhirðu í árslok	1.216.815	1.229.385	1.242.657	1.255.949	1.269.447
Stækkun flatarmáls (%)		1,0%	1,1%	1,1%	1,1%
Fjöldi látinna á árinu	1.725	1.821	1.826	1.854	1.876
Þ.a. grafartökur	1.468	1.550	1.552	1.576	1.595
Þ.a. líkbrennslur	257	271	274	278	281
Fjölgun látinna (%)		5,6%	0,3%	1,5%	1,2%
L ahækkun SFR					3,00%
Launahækkun Starfsgreinasambandsins					6,00%
Vegin hækkun launa				5,82%	5,55%
Verðhækkun annarra rekstrargjalda				2,50%	3,50%
Einingakostnaður vegna svæða í umhirðu				442	461
Einingarkostnaður vegna grafartöku				78.828	82.234
Einingarkostnaður vegna líkbrennslu				50.096	52.260
Framlag vegna umhirðu				543.040.000	572.614.821
Framlag vegna grafartöku				122.184.000	127.626.816
Framlag vegna líkbrennslu				13.576.000	14.319.263
Framlag fjárlaga				678.800.000	714.560.901
Reiknað framlag				678.800.000	714.560.901
Aukning framlags (%)					5,3%

Almennar forsendur	
Vægi umhirðu og fasts kostnaðar í útgjöldum	80,0%
Vægi grafartöku og breytilegs kostnaðar í útgjöldum	18,0%
Vægi líkbrennslu í útgjöldum	2,0%
Vægi launakostnaðar í útgjöldum	40,0%
Vægi annars rekstrarkostnaðar í útgjöldum	60,0%
Meðalstærð grafa í fm	8,3
Meðalstærð duftgrafa í fm	1,5
Flatarmál svæða í umhirðu í árslok 2003	1.242.657

Skipting starfsliðs eftir félögum	
Stjórnun og skrifstofuhald - SFR	15%
Umhirða og greftrun - Starfsgreinasambandið	85%